

Miðvikudaginn 5. ágúst 1981.

Nr. 158/1981. Glerísetningar s/f
 gegn
 Vendor h/f.

Kærumál. Frestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson og Þór Vilhjálmsson.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í j lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 17. júlí 1981, sem barst Hæstarétti 27. s. m. Krefst hann þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og varnaraðilja synjað um frest í málinu. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Frá varnaraðilja hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Varnaraðili er ekki skuldari samkvæmt veðskuldabréfi því, sem um er fjallað í málinu. Samkvæmt því og að öðru leyti með vísan til atvika máls þessa verður krafa sóknaraðilja ekki tekin til greina. Verður hinn kærði úrskurður því staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 11. júlí 1981.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar að undangengnum munnlegum flutningi 24. júní sl., höfðaði stefnandi, Glerísetningar s/f, Hafnarfirði, gegn Vendor h/f, Ægisíðu 123, Reykjavík, með stefnu, birtri 14. maí sl.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 17.418.16 með 38% ársvöxtum frá 18. ágúst 1980 til 18. september s. á. og með 4.75% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu. Enn fremur, að 1. veðréttur í bifreiðinni

G 7375 verði viðurkenndur til tryggingar greiðslu á öllum dæmdum fjárhæðum.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður og stefnandi dæmdur til þess að greiða honum málskostnað að skaðlausu.

Stefndi gerði upphaflega kröfu um frávísun málsins, en féll frá henni í þinghaldi 24. júní sl.

Í þessu þinghaldi óskaði lögmaður stefnda eftir fresti til gagnaöflunar. Lögmaður stefnanda synjaði um frest, og óskaði þá lögmaður stefnda eftir því, að málið yrði tekið til úrskurðar um frestssynjun lögmans stefnanda. Málið var síðan tekið til úrskurðar um frestssynjunina að undangengnum munnlegum flutningi málsins um hana, eins og að framan segir.

Stefnandi lýsir málavöxtum svo í stefnu málsins:

„Tildrög málsins eru þau, að með afsali, dags. 16/9 1980, seldi stefnandi stefnda bifreiðina G-7375, sem er Moskwich sendibifreið, árgerð 1980. Umsamið kaupverð var gkr. 2.500.000.- og átti að greiðast þannig:

1. Við afsal gkr. 758.000.-
2. Kaupandi tekur að sér að greiða skuld við
Bifreiðar og landbúnaðarvélar skv. veðskulda-
bréfi, dags. 18/7 1980 — 1.742.000.-

Alls gkr. 2.500.000.-

Kaupandi greiddi ekkert af framangreindu bréfi, og hefur seljandi neyðst til að leysa bréfið til sín. Þá hefur kaupandi vanrækt að kaskotryggja bifreiðina, og opinber gjöld og ábyrgðartryggingu hefur hann heldur ekki greitt. Ennfremur hefur hann vanrækt að skrá bifreiðina á sitt nafn. Stefndi hefur brennt úr vél bifreiðarinnar og skilið hana eftir í reiðileysi á götu í Reykjavík, en þar hafði hún staðið í nokkra mánuði, þar til stefnandi tók hana til sín í geymslu.

Umrætt skuldabréf var að eftirstöðvum gkr. 1.741.816.-, þegar stefndi tók skuldina að sér. Bréfið ber hæstu löglegu vexti frá 18. júlí 1980.

Bréfið skyldi greiðast þannig:

1. 18. ágúst 1980 gkr. 800.000.-
2. 18. sept. 1980 gkr. 470.908.-
3. 18. okt. 1980 gkr. 470.908.-
4. 18. nóv. 1980 gkr. 470.908.-

Bifreiðin er tryggt með 1. veðrétti fyrir höfuðstól, vöxtum, dráttarvöxtum, vátryggingargjöldum auk alls kostnaðar.

Í bréfinu er tekið fram, að rísi mál út af skuldinni, megi reka það fyrir bæjarþingi Reykjavíkur skv. XVII. kafla laga nr. 85, 1936.

Þess er krafist, að reglur þessa tilvitnaða ákvæðis verði látnar gilda um málssókn þessa.

Bréfið er gefið út 18. júlí 1980 með undirskrift Halldórs Guðjónssonar f. h. Glerisetningar s/f.

Bréfið var með sjálfskuldarábyrgð Bifreiða- og landbúnaðarvéla h/f, en sú ábyrgð er niðurfallin.

Bréfið hefur verið framselt stefnanda með áritun, dags. 4. þ. m. Innheimtutilraunir hafa reynst árangurslausar, og er málsókn því nauðsynleg.“

Stefndi lýsir málavöxtum svo í greinargerð:

„Málavextir eru þeir að með afsali, dags. 16. sept. 1980, keypti stefndi bifreiðina G-7375, sem er Moskvich-sendiferðabifreið árgæð 1980. Bifreiðinni hafði verið ekið 3500 km, er umbj. m. keypti hana.

Kaupverðið var samtals gkr. 2.500.000.-. Við afsal greiddi umbj. m. gkr. 758.000 og tók við áhvílandi veðskuld við innflytjanda bifreiðarinnar, Bifreiðar- og Landbúnaðarvélar, skv. bréfi, útg. 18. júlí 1980 af stefnanda.

Fljótt kom í ljós, að bifreiðin væri gölluð, og kvartaði umbj. m. nokkrum sinnum yfir því við stefnanda.

Um áramótin 1980—1981 bræddi bifreiðin úr sér, er hún var staðsett í Hafnarfirði. — Umbj. m. sneri sér til Vals Arnars Magnússonar, bílaviðgerðarmanns, að Laugavegi 168, Reykjavík, sem lét draga bifreiðina á verkstæði sitt. Þar kom í ljós við athugun, að bifreiðin var úrbrædd, þótt nóg olía væri á henni og henni hefði samtals aðeins verið ekið 7000 km. — Umbj. m. ræddi síðan við forsvarsmenn stefnanda og tjáði þeim, hvernig komið var.

Bauð hann þeim að semja um mál þetta og krafðist þess, að þeir bættu galla þennan og þar til það hefði verið gert og frágengið mundi hann ekki greiða af veðskuldabréfinu, sem, eins og áður greinir, stefnendur höfðu gefið út til innflytjanda bifreiðarinnar, er þeir höfðu keypt hana af.

Stefnendur voru ekki til viðtals um að bæta gallann, en umbj. m. taldi sig ekki eiga beinan aðgang að innflytjandanum, þar sem hann var ekki viðsemjandi hans.

Bifreiðin stóð, meðan allt þetta gerðist, fyrir utan verkstæði Vals A. Magnússonar, sem áður er getið.

Hinn 10. apríl 1981 barst umbj. m. síðan kröfubréf frá lögmanni stefnanda, þar sem umbj. m. er krafinn greiðslu á nýkr. 23.883.08 auk vaxta og kostnaðar.

Umbj. m. ræddi þá við lögmann stefnanda og tjáði honum að hann teldi það þeirra mál, hvort þeir hefðu leyst til sín skuldabréfið, sem þeir hefðu sjálfir gefið út í upphafi sem skuldarar, enda hlytu þeir þá jafnframt að eiga vissan endurkröfurétt á hendur innflytjandanum vegna hins augljósa verksmiðjugalla á bifreiðinni.

Skömmu áður en umbj. m. ræddi við lögmanninn, höfðu númer bifreiðarinnar verið klippt af henni af lögreglu að beiðni stefnanda, þar sem bifreiðin hafði ekki verið umskráð.

Stefnanda var mætavel kunnugt um, að umbj. m. hafði ekki gert upp skuldina vegna hins framkomna galla, er hann hafði kvartað yfir, og þar sem heimili stefnda er í Reykjavík, var útilokað að færa bifreiðina milli umdæma, án þess að veðinu væri aflétt.

Um það bil 10 dögum eftir að númerin voru klippt af bifreiðinni, hvarf hún af geymslustaðnum við verkstæði Vals A. Magnússonar. Síðan barst umbj. m. skeyti, þar sem honum var tilkynnt, að bifreiðin væri í geymslu í Laxeldisstöðinni í Kollafirði, þar sem annar fyrirsvarsmanna stefnanda býr.

Í ljós kom við athugun, að bifreiðin hafði verið tekin af staðnum án atbeina fógeta. . .

Frávísunarkröfu sína byggir umbj. m. á því, að hér sé eingöngu um deilu varðandi skuld hans við stefnendur vegna viðskipta hans við þá að ræða, en ekki um eiginlega innheimtu skuldabréfs að ræða. Mál þetta hefði því átt að fara fyrir sátta nefnd, hvað ekki var gert. Að sjálfsögðu hefði upphaflegi eigandi veðskuldabréfsins getað gengið að veðinu sem slíku, án þess að umbj. m. gæti komið í veg fyrir það. Sú leið var hinsvegar ekki farin, en í þess stað völdu stefnendur þann kostinn að leysa til sín veðskuldabréfið, sem þeir höfðu sjálfir gefið út í nafni Glerisetninga (stefnandi) sem skuldara.

Síðan reyna þeir nú í skjóli skuldabréfaréttar að innheimta skuldina hjá umbj. m., án þess að hann geti komið vörnum að út af viðskiptum sínum við stefnanda vegna galla á bifreiðinni.

Hafi stefnendur leyst til sín veðskuldabréfið hjá upphaflegum eiganda þess án þess að bera fyrir sig galla á bifreiðinni, geta þeir ekki gert það, svo að umbj. m. verði bundinn við það. Hér er eingöngu um að ræða venjulegt skuldamál milli aðila; mál,

sem átti að leggja til sátta fyrir sáttanefnd, og því ber nú að frávísa því.

Sýknukrafa umbj. m. er byggð á því, að hann hafi þegar greitt stefnendum gkr. 758.000, sem er langt umfram eðlilega leigu fyrir bifreiðina þann stutta tíma, sem hann hafði afnot af henni.

Stefnendur hafi síðan, eftir að deila aðila kom upp vegna galla á bifreiðinni, tekið hana aftur í sína vörslu án samráðs við umbj. m.

Með þessu hafi þeir í raun og veru rift kaupunum og fengið til baka það verðmæti, er þeir upphaflega létu af hendi. Af þessari ástæðu geti þeir ekki átt frekari kröfur á hendur umbj. m. og því beri að sýkna.

Umbj. m. áskilur sér jafnframt rétt til að endurkrefja stefnendur í sérstöku máli um þá fjárhæð, er hann hefur þegar greitt þeim, þar sem þeir hafi nánast með valdi tekið bifreiðina af honum.

Auk þess sem umbj. m. varð fyrir miklum óþægindum og útgjöldum í þessu sambandi vegna missis bifreiðarinnar, er hún bilaði.

Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta að sinni, en áskil allan rétt til frekari gagnaöflunar og málsútlitunar á síðara stigi málsins.“

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að stefndi hafi með því að lofa sér að greiða skuld hans við Bifreiðar og Landbúnaðarvélar h/f samkvæmt veðskuldabréfinu gengist undir þær skyldur skuldara, sem í bréfinu greini, þ. á m. að sæta því, að mál út af skuldinni skuli rekið samkvæmt XVII. kafla laga nr. 85/1936, sem hann geri nú sem handhafi bréfsins. Þar af leiði, að varnir þær, sem stefndi hafi uppi í málinu, komist ekki að og því eigi hann ekki rétt á að fá frest til þess að afla gagna vörnum sínum til stuðnings.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að loforð stefnda, sem gefið sé í afsalinu, nái ekki til annars en að greiða ákveðna fjárhæð til Bifreiða og Landbúnaðarvéla h/f sem hluta af kaupverði bifreiðarinnar. Stefndi hafi engar aðrar skyldur tekið á sig með þessu loforði, enda hafi skipti á skuldara bréfsins ekki farið fram þrátt fyrir loforðið. Mál þetta eigi að reka sem almennt skuldamál, en ekki samkvæmt XVII. kafla laga nr. 85/1936. Stefndi eigi rétt á því að fá frest til þess að afla gagna í því skyni að koma fram gagnkröfu á hendur stefnanda vegna galla, sem bifreiðin hafi verið haldin.

Forsendur og niðurstaða.

Eins og fram kemur í gögnum málsins, lofaði stefndi stefnanda því með undirritun afsals 16. september 1980 að greiða hluta kaupverðs bifreiðarinnar G 7375 með því að greiða Bifreiðum og Landbúnaðarvélum h/f veðskuld að fjárhæð gkr. 1.742.000, en það hefur stefndi eigi gert.

Með þessum hætti stofnaðist réttarsamband á milli aðilja málsins. Stefndandi hefur eigi kosið að reka mál þetta á grundvelli þessa réttarsambands, heldur sem handhafi veðskuldabréfsins, sem að framan getur, en það varð þann 4. maí 1981 samkvæmt áritun á bréfið. Þar af leiðir, að réttur hans, eins og málið er lagt fyrir dóminn, byggist á þeim rétti, sem framseljandi veðskuldabréfsins, Bifreiðar og Landbúnaðarvélar h/f, átti gagnvart stefnda.

Líta verður svo á, þar sem skuldaraskipti fóru ekki fram með samþykki handhafa þess og skuldareiganda né heldur lofaði stefndi handhafanum sérstaklega að gerast skuldari þess, að stefndandi geti ekki krafist stefnda um greiðslu samkvæmt veðskuldabréfinu. Þar af leiðir, að mál þetta verður ekki rekið samkvæmt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 85/1936.

Því er ekki mótmælt af hálfu stefnanda, að komið hafi fram gallar á bifreiðinni, enda þótt hann viðurkenni ekki, að þeir stafi af atvikum, er hann varða.

Samkvæmt framansögðu þykir rétt, að stefndi fái frest í því skyni að afla gagna um, hverjir séu gallar á bifreiðinni, af hverju þeir stafi og hvað kosti að bæta úr þeim. Fresturinn er veittur til 3. september nk., kl. 0930.

Úrskurð þennan kvað upp Friðgeir Björnsson borgardómari.

Úrskurðarorð:

Stefnda, Vendor h/f, er veittur frestur til þess að afla gagna í máli þessu til fimmtudagsins 3. september nk., kl. 0930.
